

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Símon Sigurðsson Wiium, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. september 1983, kl. 1700.

Föstudaginn 16. september 1983.

Nr. 134/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Jóni Helga Bjarnasyni**

(Árni Grétar finsson hrl.).

Þjófnaður. Reynslulausn. Skilorðsrof.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. júní sl. Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst s. á. Af hálfu ákærvalds er krafa gerð um þyngingu refsingar.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara um brot það, sem ákærða er gefið að sök. Með brotinu rauf hann skilyrði reynslulausnar, er hann fékk 13. júlí 1982. Ber að dæma refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Með þessari athugasemd þykir eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 5.000.00 krónur.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, greiði allan kostnað af áfrýj-

un sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Grindavíkur 13. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 13. apríl, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1980/1982: Ákærvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem þingfest var 11. janúar sl. og dómtekið 5. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 19. nóvember sl., á hendur Jóni Helga Bjarnasyni, nú til heimilis að Furulundi 4 H, Akureyri, en áður að Vesturbraut 3, Grindavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir að hafa laugardaginn 14. ágúst 1982, er ákærði var gestur í húsinu nr. 27 við Bröttukinn í Hafnarfirði stolið sambyggðu útvarps- og segulbandstæki og vasatölvu.

Telst þetta vara við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Mánudagsmorguninn 16. ágúst sl. kærði Petrea Finnbogadóttir þjófnað á sambyggðu útvarps- og segulbandstæki og vasatölvu, sem átt hefði sér stað á heimili sínu, Bröttukinn 27, Hafnarfirði, laugardaginn næstan á undan milli kl. 15 - 17. Grunaði hún ákærða sterklega um að hafa framið þjófnað þennan, en hann hafði komið með manni hennar inn á heimilið í umrætt sinn.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa framið þjófnað þann, sem hann er ákærður fyrir, og selt þýfið á kr. 400.00 inni á BSÍ í Reykjavík. Ekki þekkti hann kaupandann.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiddi undir rannsókn málsins framkomna skaðabóta-kröfu.

Ákærði hefur samkv. sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga, og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

- 1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000. kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.
- 1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1977 6/10 í Hafnarfirði: Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 244., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr., 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.
- 1980 18/2 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 13/3 í Hafnarfirði: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1981 4/2 dómur Hæstaréttar varðandi dóm uppkveðinn 6/10 1977: Ákvæði hérðasdóms um refsingu ákærða, ökuleyfisvipungu hans og greiðslu sakarkostnaðar staðfest.
- 1981 4/2 dómur Hæstaréttar varðandi dómana, uppkveðna 18/2 1980 og 13/3 1980: Ákærði sæti fangelsi í 4 mán. auk greiðslu skaðabóta.
- 1981 27/3 á Akureyri: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1982 5/1 á Akureyri: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1982 dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm, uppkv. 27/3 1981: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1982 13/7 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 233 dögum.

Ákærði hefur ekki afplánað þá 233 daga, er greinir í sakavottorðinu, og ber nú samkv. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma í einu lagi refsingu þá, sem ólokin er, og refsingu fyrir brot það, sem nú er ákært fyrir, og þykir refsing hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Þriðjudaginn 20. september 1983.

Nr. 102/1983. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**A**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Lögræði. Sýknað af kröfu um sviptingu sjálfræðis. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var að ósk skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1983.

Af hálfu valdstjórnarinnar er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum valdstjórnarinnar í málinu og allur kostnaður málsins, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns, verði greiddur úr ríkissjóði.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lagði skipaður talsmaður varnaraðilja fram bréf dr. Tómasar Helgasonar yfirlæknis um vistun varnaraðilja í Kleppsspítala 16. nóvember 1982 til 9. febrúar 1983 og aftur frá 18. febrúar til 20. júlí 1983 og dvöl hans óslitið síðan á einu af heimilum spítalans.